

STERKUR STÖÐVARFJÖRÐUR



Skilaboð íbúapings á Stöðvarfirði
mars 2022

Efnisyfirlit

Samantekt	1	8. Hreyfum okkur	15
1. Inngangur.....	3	8.1. Aðgengi að sundlaugum	15
2. Forgangsröðun	4	8.2. Sána inn á Öldu	15
3. Njótum útivistar	6	8.3. Íþróttamál	16
3.1. Balinn	6	9. Fegrum umhverfið	16
3.2. Göngustígar og gönguleiðir	7	9.1. Fegrun umhverfis.....	16
3.3. Hundasvæðið.....	8	9.2. Veraldarvinir	16
4. Fjölum húsum.....	8	10. Bætum þjónustu.....	17
5. Sköpum atvinnu	9	10.1. Fjölnotahús	17
5.1. Ferðapjónusta.....	9	10.2. Hraðbanki og verslun.....	17
5.2. Samfélagseldhús	11	11. Gerum þorpið glæsilegt	18
5.3. Sameiginlegt vörumerki.....	11	11.1. Miðbær og hafnarsvæði	18
5.4. Laxeldi og strandveiðar.....	11	11.2. Skúlpúraslóð	19
6. Miðlum sögunni	12	12. Sækjum fram!.....	20
6.1. Miðstöð fornleifarannsókna	12	12.1. Ímynd og sjálfsmynd	20
6.2. Safnamál	13	12.2. Góður grunnur	21
7. Tengjumst umheiminum	14	12.3. Sköpunarmiðstöðin.....	22
7.1. Suðurfjarðavegur	14	12.4. Upplýsingar og kynning.....	23
7.2. Almenningsgöngur	14	12.5. Auka aðdráttarafli til búsetu.....	23
7.3. Nettengingar.....	14	13. Framtíðarsýn – Stöðvarfjörður árið 2042	24
		14. Að lokum.....	26

Þau sem þátt tóku í íbúaþinginu á Stöðvarfirði og þau sem aðstoðuðu við framkvæmdina, fá bestu þakkir fyrir gott samstarf og vel heppnað þing.

Helgina 5. – 6. mars 2022 var haldið íbúaþing á Stöðvarfirði, við upphaf byggðaþróunarverkefnis undir merkjum Brothættra byggða í byggðarlaginu. Þátttakendur á þinginu gáfu verkefninu nafnið „Sterkur Stöðvarfjörður“. Íbúaþingið var haldið í Grunnskólanum. Um veitingar, sem voru í boði Byggðastofnunar, sá Veitingahúsið Brekkan.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með íbúaþinginu og þessari samantekt, í samstarfi við verkefnisstjórn. Ljósmyndir merktar KPH, auk mynda á forsíðu, tók Kristján Þ. Halldórsson, hjá Byggðastofnun, en aðrar myndir eru frá ILDI.

Verkefnisstjórn mun starfa meðan verkefnið stendur, í allt að fjögur ár og eru þau á myndinni hér fyrir neðan, ásamt forstöðumanni þróunarsviðs hjá Byggðastofnun og verkefnisstjóra. Frá vinstri: Bjarni Stefán Vilhelmsson, fulltrúi íbúa, Alda Marín Kristinsdóttir, Austurbrú, Bryngeir Ágúst Margeirsson, fulltrúi íbúa, Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð, Kristján Þórhallur Halldórsson, Byggðastofnun, Valborg Ösp Árnadóttir Warén, verkefnisstjóri, Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar og Helga Harðardóttir, Byggðastofnun. Á myndina vantar Valgeir Ægi Ingólfsson hjá Fjarðabyggð.

Fulltrúar íbúa fá sérstakar þakkir fyrir aðstoð við upplýsingaöflun vegna samantektar.



Samantekt

Stöðvarfjörður hefur alla möguleika til að eflast sem ferðamannastaður og menningar- og nýsköpunarbær. Hægt er að styrkja byggðina með því að nýta tækifæri á sem flestum sviðum og byggja á því sem þegar er til staðar. Leggja ætti áherslu á góða aðstöðu til útivistar og fjölskyldusamveru og mikilvægt er að auka framboð á íbúðarhúsnæði.

Þetta eru meginskilaboð íbúðarþings sem haldið var á Stöðvarfirði, helgina 5. – 6. mars. Með því hófst þátttaka Stöðvarfjarðar í verkefninu „Brothættar byggðir“ og er þetta þrettánda byggðarlagið þar sem unnið er eftir þessu verklagi Bygðastofnunar. Vel var mætt til þings í blíðviðri, en um 60 manns á breiðum aldri tóku þátt.

Það málefni sem varð efst í forgangs röðun þátttakenda er að nýta svokallaðan Bala betur og búa þar til fjölskylduvænt og aðlaðandi útivistarsvæði, t.d. með fjölbreyttum leiktækjum, bekkjum og skjólveggjum. Göngustígar ættu einnig að vera forgangsatríði, m.a. að tengja saman svæði til útivistar með góðum gönguleiðum og leggja áfram áherslu á skógrækt.

Það vantar íbúðarhúsnæði á Stöðvarfirði og sagt var: „Hindra að við verðum sumarþústaðabyggð!“. Varðandi atvinnuhúsnæði var m.a. vísað til Sköpunarmiðstöðvarinnar og fleiri staða. Sköpunarmiðstöðin var stofnuð árið 2011 í aflögðu frystihúsi.

Horft er til margvíslegrar atvinnusköpunar, t.d. framleiðslufyrirtækja, þ.m.t. matvælaframleiðslu og kallað var eftir öflugri nettengingu vegna fjarvinnu. Stöðfirðingar sjá aukin tækifæri í ferðaþjónustu, m.a. með góðu tjaldsvæði, fjölbreyttri afþreyingu og kraftmikilli markaðssetningu. Áhugi er á iðnaðareldhúsi sem nýst gæti fólki í eigin matvælaframleiðslu og rædd voru tækifæri í safnamálum. Stungið var upp á að á Stöðvarfirði verði miðstöð fornleifarannsóknna á Austurlandi, en fornleifarannsóknir í Stöð benda til þess að saga landnáms sé eldri en hingað til hefur verið talið.

Auk góðra göngustíga dreymir Stöðfirðinga um breytingar sem auka lífsgæði og íbúar og gestir gætu notið. Þar má nefna lengri opnunartíma sundlaugar og að koma upp sána á „Öldunni“ sem er vinsælt svæði fyrir sjósund. Þá er áhugi á að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar og bæta almenningssamgöngur og miðla upplýsingum um þær, m.a. vegna sóknar barna á íþróttæfingar annars staðar. Kallað var eftir úrbótum á Suðurfjarðavegi og að gerð verði göng milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Fram komu óskir um að bæta ýmsa þjónustu, t.d. hraðbanka og koma upp aðstöðu fyrir fagfólk sem kemur í skemmri tíma, s.s. sjúkrahjálparar, hársnyrtar og fleiri. Spurningunni: „Hvað eigum við?“ var varpað fram á þinginu. Þar kom í ljós að af nægu er að taka. Á Stöðvarfirði eru einstakar náttúruperlur, margvíslegir innviðir, mannauður og góður andi meðal bæjarbúa. Fram kom að Stöðfirðingar taka vel á móti nýju fólki. Þetta er sú auðlegð sem unnið verður með áfram í verkefninu sem á þinginu hlaut heitið „Sterkur Stöðvarfjörður“.

Að verkefninu standa, auk Bygðastofnunar, Fjarðabyggð, Austurbrú og síðast en ekki síst íbúar á Stöðvarfirði og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila. Ráðinn hefur verið verkefnisstjóri, Valborg Ösp Árnadóttir Warén, sem tekur til starfa í sumar og flytur þá til Stöðvarfjarðar.

Virk þátttaka íbúa er einn af hornsteinum verkefnisins „Brothættar byggðir“ og mun verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára, byggja, auk stöðugreiningar, á skilaboðum þingsins, en því stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI.



1. Inngangur

Byggðastofnun hefur á undanförnum árum þróað verklag undir heitinu „Brothættar byggðir“ (BB) til stuðnings byggðarlögum sem standa höllum fæti. Þróun verkefnisins hófst árið 2012 og er Stöðvarfjörður þrettánda samfélagið sem tekur þátt í verkefninu. Byggt er á samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök á svæðinu og síðast en ekki síst við íbúa. Fulltrúar þessara aðila skipa verkefnisstjórn. Á hverjum stað hefur verkefnið staðið í 4 ár og á sumum þeirra verið framlengt í 5 ár. Til þessa hafa 7 samfélög lokið verkefninu og er þá hlutverki Byggðastofnunar lokið, en viðkomandi sveitarfélag og/eða landshlutasamtök hafa fylgt því eftir.

Meginmarkmið verkefnisins „Brothættar byggðir“, „...er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að víðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“¹

Íbúáþing á Stöðvarfirði var haldið í veðurbliðu, helgina 5. – 6. mars, 2022. Það hófst með því að Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar setti það, sagði frá verkefninu og hvatti heimamenn til dáða.

Um 60 manns sóttu þingið, sem var hið líflægasta. Fyrirkomulag þingsins byggði á aðferð sem kallast „Opið rými“ – Open Space Technology² og þar geta þátttakendur, sem það vilja, stungið upp á málefnum, sem síðan eru rædd í minni hópum.

Á síðari degi þings fóru þátttakendur í ferðalag 20 ár fram í tímann og létu sig dreyma um byggðaþróun og mannlíf á Stöðvarfirði árið 2042. Loks var málefnum forgangsraðað eftir mikilvægi. Þess má geta að þingkonan Líneik Anna Sævarsdóttir, ásamt bæjarstjóra Fjarðabyggðar, hluta bæjarfulltrúa og framkvæmdastjóra Austurbrúar, þáðu boð um að heyra helstu skilaboð, áður en þinginu var slitið. Fréttamaður og kvikmyndatökumaður frá N4 litu við í lok þings og gerðu því skil í þættinum „Að Austan“³.

Samantekt þessi byggir á gögnum frá hópum og kaflaheiti fylgja í meginatriðum yfirskriftum á umræðuefnum, sem þátttakendur á þinginu stungu uppá.

¹ Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2, júní 2017:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf

² <http://www.openspaceworld.org/>

³ https://n4.is/spilari/L8_qG-Y0rUg

2. Forgangsröðun

Á íbúabinginu var stungið upp á 25 umræðuefnum, sem spönnuðu vítt svið; atvinnumál, samfélag og umhverfi, fortíð, nútíð og framtíð.

Forgangsröðun málefna, í lok þings, fór fram með þeim hætti að hver þátttakandi fékk 10 límmiðapunkta til að ráðstafa að vild á málefnin.


Hér má sjá tvær myndir af forgangsröðun þátttakenda. Á þeirri fyrri er forgangsröðun allra málefna 25. En á síðari myndinni hefur málefnum verið slegið saman í tveimur tilvikum, eins og skýrt verður hér á eftir.

En það er sama á hvora myndina er horft, það er sterkur, sameiginlegur áhugi á því, meðal Stöðfirðinga, að búa til útvistar- og leiksvæði á Balanum, en það málefni var efst á blaði í forgangsröðuninni.


Þá má lesa þannig úr báðum myndunum, að fjölgun atvinnutækifæra sé gríðarlega mikilvæg, þ.m.t. að efla ferðapjónustu. Þetta sé þó háð auknu framboði á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Einnig er mikilvægt, að mati þátttakenda, að fjölga göngustígum innan þorpsins og bæta þá sem fyrir eru og að leggja rækt við falletta ásýnd þorpsins.

Af einstökum verkefnum fékk hugmynd um að koma á fót samfélagseldhúsi, flesta punkta og var í fimmta sæti af 25. Íbúar sjá tækifæri í því að miðla afrakstri fornleifarannsóknna í Stöð, með einhverjum hætti.

Efst á lista þátttakenda yfir bættu innviði, auk framboðs á húsnæði, eru betri nettengingar. Þá er kallað eftir auknu íþróttastarfi og bættu aðgengi að íþróttamannvirkjum. Draumur um að setja upp sána á „Öldunni“, þar sem er sjósundaðstaða Stöðfirðinga, var í 12. sæti í forgangsröðun. Þá er vilji til að efla Sköpunarmiðstöðina og koma upp aðstöðu fyrir ýmsa þjónustustarfsemi sem ekki er á staðnum, en væri hægt að bjóða upp á yfir skemmri tíma.



Forgangsröðun II - sameinuð málefni



Á þessari mynd hefur samhljóða málefnum verið slegið saman. Annars vegar eru „Húsnæðismál“ og „Húsbyggingar“ og hins vegar „Göngustígar“ og „Lagning göngustíga og umhverfisfegrun“. Þá breytist myndin þannig að þessir tveir málaflokkar, fara upp fyrir umræðuefnið „Atvinnuskapandi greinar“.

Þetta er fyrst og fremst gert til fróðleiks en breytir þó ekki meginniðurstöðunni. Það verkefni sem íbúar virðast vilja fylkja sér um er að skapa útivistar- og leiksvæði á Balanum. En síðan eru það húsnæðismál, göngustígar og umhverfisfegrun og að skapa atvinnu á staðnum, sem skipta mestu máli fyrir Sterkan Stöðvarfjörð til framtíðar.

Forgangsröðuninni er ætlað að varpa ljósi á það sem mest brennur á íbúum og þeir brenna fyrir. Það skal þó tekið fram að verkefnisstjórn tekur öll mál til skoðunar, hvar sem

þau eru á listanum yfir forgangsröðun. Eftir því sem verkefninu vindur fram eiga öll verkefni sem eiga sér málsvara og fólk er tilbúið að vinna að, möguleika á að verða að veruleika.



3. Njótum útivistar

Margt af því sem rætt var á þinginu varðar möguleika og aðstöðu til útivistar, bæði fyrir heimamenn og gesti. Rætt var um „Balann“, sem er opið svæði í bænum. Það málefni var efst á lista þegar þinggestir forgangsroðuðu málefnum.

Einn hópur ræddi um göngustíga á fyrri þingdeginum og annar um lagningu göngustíga og umhverfisfegrun á síðari deginum. Þetta málefni var, að þessum tveimur hópum samanlögðum, í þriðja sæti í forgangsroðun málefna á þinginu. Fjallað er um fegrun umhverfis í kafla 9.1.

Einnig er hér í þessum kafla, sagt frá umræðu um hundasvæðið á Stöðvarfirði.

3.1. Balinn

Balinn er opið svæði í grennd við grunnskólann. Þar er nú sparkvöllur og ærslabelgur. Stöðfirðingar hafa mikinn áhuga á að gera meira úr þessu svæði og búa þarna til fjölskylduvænt svæði með margvíslegum möguleikum til afþreyingar.

Rætt var um Balann sérstaklega í einum hópi en einnig komu fram hugmyndir í hópi sem ræddi um lagningu göngustíga og umhverfisfegrun. Þar rataði m.a. þessi hugmynd á blað: „Lystigarður á Balann með leiktækjum í bland.“

Mikið var rætt um að nýta svæðið betur undir leiktæki og eftirtalin leiktæki nefnd:

- Minigolf.
- Strandblaksvöllur.
- Körfuboltavöllur (lítill).
- Aparóla.
- Fleiri leiktæki.

Varðandi umhverfi og hönnun svæðisins í heild komu fram óskir um tjörn og bekki og skjólveggi og/eða skjólbelti í kringum svæðið.



3.2. Göngustígar og gönguleiðir

Hér eru niðurstöður þeirra tveggja hópa sem ræddu um göngustíga og umhverfisfegrun dregnar saman, auk þess sem sóttur er efniviður til tveggja annarra hópa.

Svæði sem kallað er „Nýgræðingur“ er skógræktarsvæði Stöðfirðinga og stendur það greinilega hjörtum íbúa nærri.

Hvatt var til þess að halda áfram að rækta þetta svæði og almennt hvatt til áframhaldandi áherslu á skógrækt.

Þetta kom fram um göngustíga í tengslum við Nýgræðinginn og nærliggjandi svæði:

- Gera göngustíga í kringum Nýgræðing, ofan við nýræktina og niður á bakkann við fótboltavöllinn.
- Stígur upp að Svartafossi og þaðan niður í Nýgræðing. Tengja þannig Svartafoss við gönguleiðir í nýræktinni.
- Gönguleiðir út með nýræktinni að Birgisnesi.

Fram kom að nú þegar sé farið að móta fyrir stígum á þeim stöðum þar sem áhugi er á uppbyggingu stíga. Óskað var eftir lýsingu á göngustíg í Nýgræðingi og sagt: „Hugsanlegt væri að setja upp líkamsræktaræfingar við einhverja þessarra stíga og einnig hugleiðsluæfingar“. Jafnframt var stungið upp á að bæta við bekkjum.

Þá var kallað eftir því að göngustígur frá Steinasafni Petru og niður á hafnarsvæðið verði endurnýjaður og einnig nefnt að nýta mætti varnargarðana fyrir neðan „bankahúsið“ fyrir göngustíg.

En þátttakendur horfðu líka út fyrir þorpið og óskuðu eftir að fá göngu- og hjólastíg eftir gamla veginum, sem er fyrir neðan Þjóðveginn, frá kirkjugarðinum og inn í botn fjarðarins. Einnig kom fram uppástunga um að brúa þverá í Stöðvardal og sagt: „Erla aflar leyfa hjá landeigendum“.

Í hópi sem ræddi um „Ímynd og sjálfsmýnd“ og öðrum sem fjallaði um Stöðvarfjörð út frá spurningunni „Hvað höfum við?“, var stungið upp á að öruggar og auðfarnar gönguleiðir verði stikaðar og að efla gönguleiðir sem þegar hafa verið merktar. Sérstaklega var talað um að vekja athygli á náttúruperlum; Almannadal, Jafnadal, Einbúa, sem er klettaborg upp af bænum Stöð í Jafnadal og fleiri stöðum.

Mælt var með því að gert verði göngukort fyrir Stöðvarfjörð og nágrenni.



3.3. Hundasvæðið

Stungið var upp á umræðu um hundasvæðið, sem er staðsett rétt utan við fótboltavöllinn.

Varðandi staðsetninguna var það talinn einn af kostum svæðisins að það nýtist sem útvistarsvæði fyrir tjaldsvæðið, sérstaklega fyrir gesti með hunda. Og það var fleira sem kom fram varðandi samspil útvistarsvæðis og hundasvæðis og spurt: „Þurfum við hundasvæði? Er hægt að nýta svæðið í almennt útvistarsvæði?“.

Samkvæmt skilaboðum þátttakenda er þörf á að afmarka svæðið, helst með því að girða það af. Bæta þurfi aðgengi og merkja svæðið betur.

Einnig þyrfti að planta trjám og setja upp leikvöll og göngustíga.

Loks var nefnt að kannski þyrfti að finna annan stað fyrir hunda og eigendur þeirra, fyrir útivist og þjálfun.

4. Fjölgum húsum

„Hindra að við verðum sumarhúsabyggð.“

Rætt var um „húsnæðismál“ á fyrri degi íbúapingsins, en um „húsbyggingar“ á síðari deginum. Afrakstri frá þessum tveimur hópum hefur hér verið slegið saman, en samanlagt eru þessi mál það sem skiptir þátttakendum á íbúapönginu næst mestu máli, fyrir framtíðarþróun byggðar á Stöðvarfirði. Sjá einnig 2. kafla, um forgangsröðun.

Fjallað var bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Kom skýrt fram að skortur er á íbúðarhúsnæði á Stöðvarfirði og þar með sé fasteignamarkaðurinn frosinn. Einnig að fasteignaverð sé of lágt. Þátttakendur töldu mikilvægt „að fólk hafi möguleika á að selja húsin sín og fjárfesta í öðru“. Nú vanti húsnæði fyrir barnafólk og einnig fyrir þá sem vilja selja húsin sín, til að „minnka við sig“ en búa áfram á staðnum. Kallað var eftir bæði félagslegum íbúðum og almennu leiguhúsnæði.

Stungið var upp á fjárhagslegum aðgerðum til að ýta við fasteignamarkaðnum. Annars vegar að veita styrki til íbúðabygginga og hins vegar að lækka fasteignagjöld.

Sérstaklega var kallað eftir 3ja-4ra herbergja íbúðakjarna og/eða blokk og og einnig nefnt að raðhús, um 100m² með bílskúr væri hentug stærð.

Í umræðum um húsnæði þar sem ekki er föst búseta, var talað um að „virkja samfélagslega ábyrgð fjarbúa“ og stungið upp á „reglugerð um ábúandaskyldu þegar hús eru seld“.

Sagt var: „Hindra að við verðum sumarbústaðabyggð“.

Varðandi atvinnuhúsnæði var búinn til listi yfir hús sem mætti nýta betur.

- Salthúsið – leigja pláss?
- Bræðslan.
- Efri hæð á Landatanga.
- Loftið á Brekkunni.

Stungið var upp á að Gamla sjóhúsið verði notað fyrir safn. Í Sköpunarmiðstöðinni er talsvert af auðu plássi sem býður upp á ýmsa möguleika. Loks var kallað eftir því að byggðir verði iðngarðar á Stöðvarfirði.

5. Sköpum atvinnu

Rætt var um atvinnumál almennt í einum hópi undir yfirskriftinni „Atvinnuskapandi greinar til að laða fólk að bænum“ og var það málefni hið fjórða í forgangsröðun. Einnig fór fram, í öðrum hópi, umræða um atvinnuuppbyggingu í Sköpunarmiðstöðinni. Hér er sagt frá afrakstri beggja þessara hópa.

Þátttakendur lýstu ósk um að byggt verði hjúkrunarheimili á Stöðvarfirði, en næstu heimili eru á Fáskrúðsfirði og Eskifirði. Þetta væri ekki einungis til að skapa störf heldur ekki síður til að auka lífsgæði íbúanna.

Fólk vildi gjarnan sjá ný framleiðslufyrirtæki skjóta rótum í bænum. Meðal annars var horft til matvælaframleiðslu og framleiðsla á kaffi nefnd sérstaklega. Það tengist áformum um að Kaffibrennslan Kvörn, sem nú starfar á höfuðborgarsvæðinu, flytji starfsemi sína á Stöðvarfjörð, í Sköpunarmiðstöðina. Úthringiver eða ríkisstofnun voru möguleikar sem einnig komu til tals.

5.1. Ferðapjónusta

Stungið var upp á umræðu um styrkingu ferðapjónustu og því síðan slegið saman við annað málefni, tjaldsvæði. Þetta málefni varð í fimmta sæti í forgangsröðun þinggesta sem bendir til þess að Stöðfirðingar telji ferðapjónustu mikilvæga fyrir eflingu byggðarlagsins.

Hópur sem starfaði undir yfirskriftinni „Hvað eigum við?“, kortlagði m.a. gístaðstöðu og veitingastaði:

- Tjaldsvæði.
- Airbnb gisting.
- Saxa, gisting og veitingar.
- Brekkan, verslun og veitingar.
- Kirkjubær; gamla kirkjan, nú afhelguð og þar rekinn gististaður.
- Kokteilbar – en þar er væntanlega verið að vísa til barsins á Gistiheimilinu Söxu.

Tjaldsvæðið á Stöðvarfirði er við austurenda byggðarinnar, við Nýgræðinginn. Fram komu skiptar skoðanir um staðsetningu tjaldsvæðisins, vegna smæðar og var m.a. stungið upp á að það verði flutt á fótboltavöllinn. Leiksvæði við tjaldsvæðið var eitt af því sem kom til tals, en gestir á tjaldsvæðinu geta nýtt sér leiksvæði inni í Nýgræðingnum. Það mun þó verða mögulegt áfram, verði tjaldsvæðið flutt á fótboltavöllinn, þar sem ekki er um miklar vegalengdir að ræða.



Varðandi ferðabjónustu almennt, töldu þátttakendur mikilvægt að finna leiðir til að fólki stoppi og dvelji lengur á Stöðvarfirði. Liður í því væri m.a. að auka afþreyingu og rataði þetta á blað: „...t.d. kajakferðir, seglbátar, rafhlaupahjól og hjól.“. Einnig var sagt að það myndi styrkja ferðabjónustu, ef væri lengri opnunartími í sundlauginni.

Tilvalið væri að bjóða upp á leiðsögn um Stöðvarfjörð, sögðu þátttakendur. Sá möguleiki var útfærður nánar í umræðu um „Hvað eigum við?“, ásamt hugmyndum um námskeiðahald, út frá aðstöðu og þekkingu sem þegar er til staðar.

- Leiðsögn...
 - ...um náttúru.
 - ...um fornleifar.
- Námskeið og afþreying:
 - Sjósund.
 - Fimleikanámskeið.
 - Skot/bogfimi.
 - Kokteilmámskeið.
 - Jóga.
 - Handverk.
 - Matseld.
 - ...og fleira.
- Heilsudvöl (Retreat)
 - Jóga, nudd, sjósund – gisting og veitingar.

„Ferðabjónusta; finna leiðir til að fólk stoppi og dvelji lengur á Stöðvarfirði.“

Markaðssetning er lykilatriði, að mati hópsins, sem taldi að þar þyrfti að gera betur. Sjá einnig kafla 12.4. um upplýsingar og kynningu.



5.2. Samfélagseldhús

Fjörug umræða varð um þá hugmynd að koma upp „samfélagseldhúsi“ og rataði það málefni í fimmta sæti í forgangsröðun og fékk flesta punkta þegar horft er til hugmynda um einstök verkefni.

Tilgangur slíks eldhúss væri að skapa vettvang fyrir fólk í eigin matvælaframleiðslu og fleiru. Þarna yrði líka vettvangur til samveru og „...til að fá ýmsar hugmyndir“, eins og það var orðað.

Einnig myndi slík aðstaða skapa möguleika á að fá ýmis námskeið á svæðið, sögðu þátttakendur.

Fólk er nú þegar að framleiða ýmislegt heima, eins og sést á þessum lista sem hópurinn skráði:

- Fiskibolluframleiðsla.
- Kertagerð.
- Sápugerð.
- Smyrsli og krem.
- Ostur.
- Sultur.
- Brauð.
- Sósur.
- Vín.

Fram kom að í Sköpunarmiðstöðinni er gert ráð fyrir 90m² iðnaðareldhúsi á teikningum, við hliðina á kaffihúsinu og kaffibrennslunni, sem áform eru um að komi þar inn.

Þátttakendur lögðu mikla áherslu á málefnið og sögðu: „Væri frábært að hrinda sem fyrst í framkvæmd því margir eru að framleiða ýmsar vörur heima nú þegar!!“.

5.3. Sameiginlegt vörumerki

Nokkur umræða varð um að markaðssetja stöðfirskar vörur og þjónustu undir einu sameiginlegu merki. Þetta bar sérstaklega á góma í samtali um „Atvinnuskapandi greinar til að laða fólk að bænum“. Sagt var að slíkt merki gæti orðið einskonar „skjaldarmerki Stöðvarfjarðar“.

5.4. Laxeldi og strandveiðar

Stungið var upp á umræðu um laxeldi og strandveiðar. Engin umræða fór fram um laxeldi, einungis skrifað á blað „laxeldi burt“. Í hópnum sem ræddi um atvinnusköpun sáu þátttakendur hins vegar möguleika á störfum tengdu laxeldi og afleiddum störfum, s.s. netagerð og kvíasmíði. Einnig var talað um 1 – 2 störf í þjónustumiðstöð fiskeldis, í hópnum sem ræddi um atvinnuuppbyggingu í tengslum við Sköpunarmiðstöðina.

Nokkrir settust niður og ræddu um strandveiðar, en sú umræða snerist aðallega um að afla upplýsinga um sértækan byggðakvóta, sem úthlutað er af Byggðastofnun, eftir ákveðnum reglum. Ekkert var skráð á blað um þetta málefni.

„Væri frábært að koma upp samfélagseldhúsi, sem fyrst, því margir eru að framleiða ýmsar vörur heima, nú þegar.“

6. Miðlum sögunni

Fjallað var um tækifæri á sviði fornleifarannsókna og safnamála í tveimur hópum: „Miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi“ og „Safnamál“. Fyrirnefnda málefnið varð hið sjötta í forgangsröðun, af 25 málefnum, en safnamálin í 18. sæti. Ástæðu þeirrar hugmyndir að gera Stöðvarfjörð að miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi, má m.a. rekja til fornleifarannsókna í Stöð, sem staðið hafa í nokkur ár og benda niðurstöður þeirra til þess að saga landnáms á Íslandi sé eldri en hingað til hefur verið talið.⁴

6.1. Miðstöð fornleifarannsókna

Umræða um þá hugmynd að gera Stöðvarfjörð að miðstöð fornleifarannsókna á Austurlandi, hverfðist um tvennt.

Annars vegar var sagt: „Minjavörður Austurlands gæti verið með starfsstöð hér.“

Hins vegar var rætt vítt og breitt um safn eða sýningar og rataði þetta á blað:

- Setja upp safn, jafnvel samhliða safninu hjá Tona eða með Sköpunarmiðstöðinni.
- Gæti verið sýning/umsögn frá öllu Austurlandi þótt aðallega yrði einblínt á uppgroftinn í Stöð.
- Safn sem yrði skemmtilegt, skapandi og nýstárlegt og höfðaði til breiðs aldurshóps.
- Taka t.d. innblástur frá Óbyggðasetrinu í Fljótsdal á Héraði.

„Safn sem yrði skemmtilegt, skapandi og nýstárlegt og höfðaði til breiðs aldurshóps.“



⁴ <https://www.austurfrett.is/frettir/uppgrofturinn-a-stod-talinn-einn-sa-ahugaverdasti-i-heiminum>

6.2. Safnamál

Í umræðu hjá hópnum sem fjallaði um safnamál og í fleiri hópum, kom fram mikill metnaður til að sækja fram í safnamálum.

Eitt helsta aðdráttarafi innlendra og erlendra ferðamanna sem koma á Stöðvarfjörð er Steinasafn Petru. Petra Sveinsdóttir safnaði steinum frá unga aldri og á áttunda áratugnum opnaði hún steinasafn á heimili sínu. Því hefur verið haldið fram að safnið sé á heimsælikvarða. Petra féll frá árið 2012, en safnið er opið á sumrin og dregur að sér þúsundir gesta.⁵ Listagalleríið Snærós á Stöðvarfirði, var eitt fyrsta gallerí utan Reykjavíkur þegar það var stofnað árið 1985 og er vinsæll áfangastaður ferðamanna, innlendra sem erlendra.⁶

Rætt var um „Tonasafn“ á Stöðvarfirði, sem er ekki opið safn en hægt að semja um að fá að skoða. Þar hefur einstaklingur safnað gömlum munum, m.a. verkfærum og fleiru. Þá er mikill áhugi á að setja upp sýningu um fornleifauppgröftinn í Stöð. Einnig veltu þátttakendur fyrir sér hvort hægt væri að nýta „Gamla sjóhúsið“, eða Sjóhúsið hjá Alberti, eins og það var líka kallað, fyrir safn.

Velt var upp þeim möguleika að stofnað verði félag í kringum söfn og sýningar, en þá verið að horfa til annarra safna en Steinasafnsins. Einnig kom fram að þörf væri fyrir betra húsnæði undir söfnin og betra aðgengi.

Áhugi er á að búa til kjarna miðsvæðis, eða eins og það var orðað: „...þá hefurðu Sköpunarmiðstöðina, Sjóhúsið, Brekkuna og Sólrúnu (Gallerí Snærós) alla á sama blettinum og stutt á Söxu.“



⁵ <https://www.steinapetra.is/is/>

⁶ <https://snaeros.tumblr.com/>

7. Tengjumst umheiminum

Rætt var um samgöngur í nokkrum hópum og einkenndist öll umræða af því sem virklega þarf að bæta. Þrjú málefni voru rædd, Suðurfjarðavegur, almenningsamgöngur og betri nettengingar. Af þessum þremur málefnum rataði „Betri nettengingar“ efst í forgangs röðun, 7. sæti af 25, Suðurfjarðavegur var í sæti 14 og almenningsamgöngur í 22. sæti. Þar skal þó setja þann varnagla að ekki er víst að samsetning þátttakenda hafi endilega endurspeglað dyggasta notendahóp almenningsamgangna.

7.1. Suðurfjarðavegur

Varðandi Suðurfjarðarveg, lýstu Stöðfirðingar ánægju með að sú leið hefur frá árinu 2017 verið skilgreind sem þjóðvegur 1, í stað Breiðdalsheiðar áður. Hins vegar var kallað eftir því að vegurinn verði lagaður. Einnig kom fram ósk um jarðgöng frá Stöðvarfirði yfir í Fáskrúðsfjörð.

7.2. Almenningsamgöngur

Hópur sem fjallaði um almenningsamgöngur, taldi þær ekki koma til móts við þarfir íbúa. Almenningsamgöngurnar eru á vegum Fjarðabyggðar, tilraunaverkefni til 16 mánaða.⁷ Ferðir milli Fáskrúðsfjarðar og Neskaupstaðar eru fastar, en hluti ferða milli Breiðdalsvíkur, Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eru þannig að farþegar þurfa að panta í gegnum síma eða tölvupóst með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara. Sagt var:

- Pöntunarþjónusta er léleg, þarf stundum að hringja í marga eða fólk nær ekki sambandi.
- Of langur tími á milli ferða.
- Vantar betri samtengingar.
- Vantar beintengingu við flugvöllinn á Egilsstöðum.

Fram kom að almenningsamgöngurnar henti illa fyrir krakka í íþróttum sem þurfa að sækja æfingar og leiki út fyrir Stöðvarfjörð.

Þátttakendur töldu að bjóða ætti upp á þrjár fastar ferðir á dag, milli Breiðdalsvíkur og Neskaupstaðar. Þess skal getið að föstum ferðum var fjölgað í febrúar síðastliðnum og er nú ein ferð af þremur milli Breiðdalsvíkur og Fáskrúðsfjarðar föst ferð og tvær af þremur frá Fáskrúðsfirði til Breiðdalsvíkur eru fastar. Þannig hefur fækkað ferðum sem háðar eru pöntunarþjónustu, þó ekki hafi tekist að koma fyllilega til móts við óskir íbúa um að allar ferðir verði fastar.

7.3. Nettengingar

Hópur sem ræddi um nettengingar, kallaði eftir úrbótum, m.a. til þess að auðvelda fjarvinnu og þar með laða að fólk til búsetu.

Í þessu skyni var óskað eftir ljósleiðara í öll hús og stungið upp á að: „Vinna í því að skoða hvað þarf að gera til að netið verði nothæft.“

„Laga nettengingar, m.a. til að auðvelda fjarvinnu og laða að fólk til búsetu.“

⁷ <https://www.fjardabyggd.is/thjonusta/umhverfi-og-samgongur/straetisvagnar-fjardabyggdar>

8. Hreyfum okkur

Þrjú málefni sem varða aðstöðu til íþróttaiðkunar voru rædd á íbúabpinginu; „Aðgengi að sundlaugum“, „Sána inn á Öldu“ og „Íþróttamál“. Þátttakendur kölluðu eftir bættri aðstöðu og lengri og/eða hentugri opnunartíma og töldu að það yrði jákvætt fyrir íbúa, ferðapjónustu og unga og aldna, ásamt því að laða e.t.v. að nýja íbúa.

8.1. Aðgengi að sundlaugum

Hópurinn sem ræddi þetta mál, vildi vekja athygli á því að gæta þurfi „...jafnræðis milli íbúa Fjarðabyggðar um aðgengi, opnunartíma og vegalengdir og þjónustu“, enda er opnunartími sundlauga breytilegur milli staða innan sveitarfélagsins.

Helst vildu þátttakendur að sundlaugin væri opin allt árið, eða að minnsta kosti lengja tímabilið sem sundlaugin er opin. Sagt var: „Opna fyrr á vorin og/eða loka seinna á haustin“. Stungið var upp á því að hafa mætti opnunartímamann tvískiptan, þ.e. loka kannski yfir miðjan daginn, til að geta haft opið lengra fram á kvöldið.

Til að draga úr hitunarkostnaði var lagt til að nýta varmaskiptaholur við grunnskólann.

Þátttakendur sáu fjölmarga kosti við það að lengja opnunartíma, það væri lýðheilsuáhrif og myndi styrkja tjaldsvæðið og ferðapjónustu á Stöðvarfirði. Og sagt var: „Gott aðgengi að sundlaug eykur aðdráttarafli staðarins til búsetu“.

8.2. Sána inn á Öldu

Svokölluð Alda er staðurinn þar sem Stöðfirðingar stunda sjósund, um 5 km innan við þorpið, gegnt golfvöllinum. Líflégar umræður urðu í hópi sem ræddi hugmyndina um að byggja þar upp sána.

Þau sáu fyrir sér „gamaldags hús með heitum og köldum pottum og sána fyrir sjósundsfólk og fleiri“. Einnig var nefndur sá möguleiki að aðstaða fyrir golfara gæti verið í sama húsi. Jafnvel mætti vera þarna kaffihús með bar.

Sagt var: „Skoða að byggja þetta upp þar sem gamla fjárborgin er og nýta hana.“



8.3. Íþróttamál

Hér var annars vegar rætt um aðstöðu og hins vegar um starfsemi og upplýsingastreymi.

Áhugi var á að koma upp mini þúttvelli á Stöðvarfirði og einnig að fá golfhermi. Vísað var til þess að „það eru hermar á nær öllum öðrum byggðakjörnum í kring.“

Í dag stunda börnin frá Stöðvarfirði íþróttir annað hvort á Breiðdalsvík (19 km) eða á Fáskrúðsfirði (26 km). Spennandi væri, að mati hópsins, ef hægt væri að „halda uppi íþróttatímum fyrir fullorðna og unglunga“ í þorpinu.

Þátttakendur vildu gjarnan virkja frjálsíþróttaiðkun, en þá þurfi að bæta aðstöðuna fyrir hana. Einnig voru viðraðar hugmyndir um afþreyingarsetur þar sem gæti t.d. verið bogfimi, pílukast og þess háttar. Það yrði þá frekar hugsað til afþreyingar en beinlínis sem íþróttastarfsemi.

Loks var rætt um að bæta upplýsingastreymi til foreldra um æfingar barna þeirra, til að styðja krakkana í sinni þátttöku. Annars vegar var þar talað um æfingátíma og hins vegar um almenningssamgöngur til þess að koma börnum á æfingar.

9. Fegrum umhverfið

Auk þess sem annar af þeim hópum sem ræddu um göngustíga, fjallaði jafnframt um „...umhverfisfegrun“, var komið inn á ásýnd og umhverfismál í fleiri hópum.

Umræða um Veraldarvini snerist að verulegu leyti um ásýnd og er því sagt frá afrakstri hennar í þessum kafla.

9.1. Fegrun umhverfis

Almennt var kallað eftir því að fegra umhverfið, en einnig lögð áhersla á að hús og byggingar séu snyrtileg. Þátttakendur töldu þörf á að fegra bæði miðbæjar- og hafnarsvæðið og þar m.a. nefnt að Brekkan, verslun og veitingahús, þarfnist andlitslyftingar.

Sjá nánar í kafla 11.1. Miðbær og hafnarsvæði.

9.2. Veraldarvinir

Veraldarvinir eru samtök sem skipuleggja sjálboðaliðaverkefni, sumarbúðir, ungmennaskipti og fræðsluferðir. Ungt fólk hvaðanæva að úr heiminum kemur til Íslands til að taka þátt í starfinu.⁸ Samtökin eiga hús á Stöðvarfirði, sem er bækið fyrir fólk sem vinnur að verkefnum á Austurlandi á vegum samtakanna.

Stungið var upp á umræðu um Veraldarvini og kom fram óánægja með ýmislegt sem tengist veru þeirra í bænum. Varpað var fram spurningu um hvort öll leyfi séu í lagi. Þátttakendur töldu að hópar, sem ekki eru Veraldarvinir, hafi fengið að gista í húsinu og lögðu áherslu á að starfsemin eigi ekki að vera samkeppni við ferðaþjónustu.

Þá var talað um skort á hreinlæti, drasl á lóð og lélegt viðhald á húsinu. Sagt var að mögulega væri viðgerðum ekki sinnt af fagmönnum og spurt hvort það standist kröfur. Loks var kvartað undan tillitsleysi við nágranna.

⁸ <https://wf.is/>

10. Bætur þjónustu

Hér er sagt frá afrakstri úr umræðum tveggja hópa. Annar ræddi um hraðbanka og hinn varpaði fram hugmynd um fjölnota húsnæði sem gæti bætt ýmsa þjónustu við íbúa.

10.1. Fjölnotahús

Stöðfirðingar þurfa að sækja margvíslega þjónustu til nágrennabyggðarlaga og almennt hefur þjónustustigið lækkað með fækkun íbúa, líkt og í öðrum fámennum byggðarlögum á landinu.

Einn hópur ræddi þá hugmynd að koma upp aðstöðu fyrir alls konar þjónustu sem boðið væri upp á í skemmri tíma. Eftirfarandi var nefnt:

- Aðstaða fyrir:
 - Sjúkrapjálfa.
 - Kírópraktor.
 - Snyrtifræðing.
 - Hársnyrti.
 - Sálgæslufólk.
 - ...og fleira.

Eða, eins og það var orðað: „Í raun aðstöðu fyrir allt sem fólki dettur í hug til skemmri tíma.“

Þetta væri fjölnotahús og í umræðunum var einnig komið inn á „samkomuhús – fjölnýtanlegt“, eins og það var orðað. Þá kom fram sú hugmynd að stækka og/eða byggja við Balaborg, þar sem nú er félagsstarf eldri borgara, en var áður leikskóli. Þannig væri hægt að koma allri þjónustu þar fyrir, ásamt þjónustu við eldri borgara.

10.2. Hraðbanki og verslun

Stungið var upp á umræðu um hraðbanka sérstaklega, en í dag er ekki hraðbanki á Stöðvarfirði. Hægt er að taka út peninga í gegnum posa á Brekkunni, sem sinnir þeirri þjónustu fyrir Landsbankann. Önnur þjónusta er ekki í boði og kom fram í samtali hópsins að með hraðbanka myndi opnunartími lengjast og þar yrði bæði hægt að leggja inn og taka út, ásamt því að fá upplýsingar um stöðu.

Spurt var hvar hraðbanki ætti að vera og þessir staðir nefndir:

- Brekkan.
- Kringum torgið.
- Söxu.

Jafnframt áttu einhverjir sér draum um kjörbúð, sem yrði þá stærri en sú verslun sem er í Brekkunni í dag.

„Fjölnýtanlegt húsnæði með aðstöðu fyrir allt sem fólki dettur í hug til skemmri tíma.“

11. Gerum þorpið glæsilegt

Umræða um miðju þorpsins var rauður þráður í gegnum nokkra hópa, þó ekki hafi verið stungið sérstaklega upp á því málefni. Því eru skilaboð þinggesta um miðbæinn dregin fram hér, ásamt því sem fram kom um skúlpúraslóð. Hvorutveggja væri liður í því að skilgreina hjarta bæjarins og stuðla að því að Stöðfirðingar gætu verið enn stoltari af heimabænum sínum.

11.1. Miðbær og hafnarsvæði

Í nokkrum hópum var rætt um miðbæinn á Stöðvarfirði og spurt: „Hvað er miðbærinn? Hvernig má fegra og efla þá miðju?“. Lagt var til að afmarka svæðið og fegra það og koma upp útsýnispöllum og fleiri bekkjum til að fólk geti sest. Nauðsynlegt er, sögðu þátttakendur, að skapa heild sem taki utan um þá starfsemi sem er á umræddu svæði, verslun og þjónustu. Þar ætti líka að vera upplýsingaskilti um það sem Stöðvarfjörður hefur uppá að bjóða, sbr. kafla 12.4., um upplýsingar og kynningu.

Þetta væri liður í að styrkja miðju eða hjarta bæjarins og bæta þannig upplifun heimamanna og gesta.

Í mörgum tilfellum tengdist umræða um miðbæ einnig hafnarsvæðinu og þá annars vegar rætt um afmörkun og hins vegar um þörf á að fegra svæðið.



11.2. Skúlpúraslóð

Tengt umræðu um miðbæinn, er hugmyndin „Skúlpúraslóð“ sem unnið er að á vegum Sköpunarmiðstöðvar. Stefnt er að því að koma fyrir átta útilistaverkum, dreifðum um bæinn, sem myndi leið eða stíg og virki eins og tenging milli áfangastaða og nefndu þátttakendur „Balann, Ölduna og fleira.“.

Fyrsta verkið er komið upp, á miðbæjarsvæðinu. Verkið heitir Þórhaddur og vísar til landnámsmanns Stöðvarfjarðar.⁹ Þátttakendur stungu upp á að kalla mætti svæðið, sem heimamenn tala yfirleitt um sem svæðið við Brekkuna, „Þórhadds gamla torg“. Undirbúningur er hafinn vegna næsta verks.

Þátttakendur lögðu áherslu á að styrkja og efla aðstöðuna á þessu svæði og stungu upp á að gert verði göngukort til að slóðin nýtist sem tæki til að leiða ferðamenn að öðrum áfangastöðum, verslun og þjónustu.



⁹ <https://www.austurfrett.is/lifid/thorhaddur-vakir-yfir-stoedhvarfirdhi>

12. Sækjum fram!

Kaflinn sem hér fer á eftir byggir aðallega á vinnu þriggja hópa. Einn þeirra ræddi um „Ímynd og sjálfsmynd“, og annar um spurninguna „Hvað eigum við?“. Þau horfðu á þau gæði sem Stöðvarfjörður og samfélagið þar, býr nú þegar yfir og veltu fyrir sér möguleikum og þáttum sem þarfnast styrkingar. Lista hópsins yfir gistingu og veitingar er að finna í kafla 5.1. um ferðapjónustu. Þriðji hópurinn spurði: „Hvaða úrræðum gætu samfélagið og sveitarfélagið beitt til að auka aðdráttarafl staðarins til búsetu?“.

Fjallað er sérstaklega um Sköpunarmiðstöð, annars vegar vegna umræðu sem bar yfirskriftina „Sköpunarmiðstöðin / atvinnuuppbygging“ og hins vegar vegna þeirra tækifæra sem felast í því að samfélagið hafi aðgang að slíku húsnæði og aðstöðu, enda var miðstöðin oft nefnd sem mögulegur staður fyrir starfsemi sem rætt var um á þinginu.

12.1. Ímynd og sjálfsmynd

Hópurinn sem ræddi um ímynd og sjálfsmynd Stöðvarfjarðar og Stöðfirðinga, spurði: „Hvernig sköpum við hvata til nýsköpunar í samfélaginu?“

Niðurstaðan var sú að vinna ætti að stefnumótun og ímyndarsköpun, sem yrði nýtt til kynningar á samfélaginu. Slíkt gæti, ef vel tækist til, í raun skapað hlunnindi fyrir íbúa.

Stöðvarfjörður er, sögðu þátttakendur:

- Menningar- og nýsköpunarsamfélag staðsett í náttúruperlu Austurlands.
- Fjölskylduvænt samfélag.

Stungið var upp á að leggja áherslu á rætur og sögu; „...vinna með fornleifauppgröft og landnámu og styrkja þá ímynd og frásögn“.

Hópurinn taldi mikilvægt að „búa til áfangastaði (staði til að skoða og upplifa) og sér- („speciality“) þjónustu/verslun“, eins og lýst er nánar í upptalingunni hér á eftir:

- Í Sköpunarmiðstöðinni:
 - Safnasýning byggð á fornleifauppgreftri í Stöð.
 - Kaffi Kvörn, kaffihús og kaffibrennsla.
 - Sköpunarmiðstöðin og Stúdío Síló; tónleikar, menningarviðburðir og námskeið.
- Gallerý Snærós.
- Steinasafn Petru.
- Saxa veitingahús, bar, kaffihús og gisting.
- Salthússmarkaður – og bent á möguleika á jólamarkaði í Söxu.
- Brekkan, veitingahús og verslun.

„Stöðvarfjörður er fjölskylduvænt menningar- og nýsköpunarsamfélag, staðsett í náttúruperlu Austurlands.“

12.2. Góður grunnur

Þegar sækja skal fram og styrkja byggð og samfélag á Stöðvarfirði, verður byggt á þeim grunni sem þegar er til staðar og hér er listi sem skilgreindur var af þátttakendum á þinginu.

- Náttúruperlur; vísar til fallegs og stórbrotins umhverfis Stöðvarfjarðar.
- Þjóðvegur 1.
- Stöðvarfjarðarskóli; Leikskólinn Balaborg og grunnskólinn.
- Íþróttahús.
- Bókasafn.
- Sundlaug.
- Golfvöllur.
- Kajakleiga.
- Verslanir; Brekkan og Rauða kross búðin.
- Salthússmarkaðurinn, þar sem selt er handverk eftir fólk frá Stöðvarfirði.¹⁰
- Verkstæði, „Maggasveit“. Vísar til Landatanga ehf. verktakafyrirtækis og verkstæðis.
- Útivist, t.d. Nýgræðingur, Balinn, sparkvöllur og sjósund.
- Afþreying, t.d. bíósýningar og tónleikahald í Sköpunarmiðstöð og Saxa.
- Bæjarhátíðin „Stöð í Stöð“, sem alla jafna er haldin annað hvert ár.
- Fornleifauppgröftur.
- ...og sitt hvað fleira.

Það eru trúlega fá, ef nokkur, álíka fámenn þorp og Stöðvarfjörður, sem státa af jafn mörgum söfnum eða sambærilegri starfsemi. Sjá nánar í kafla 6.2., um safnamál.

Síðast en ekki síst töluðu þátttakendur um mannauðinn á Stöðvarfirði og að það ríki góður andi meðal bæjarbúa.



¹⁰ Sjá síðu á Facebook

12.3. Sköpunarmiðstöðin

Sköpunarmiðstöðin var stofnuð árið 2011 í aflögðu frystihúsi¹¹. Þar eru nú tvö störf tengd menningu og listum. Í húsinu er hljóðverið Stúdío Síló og Atomic Analog, sem er framleiðsla á rafeindabúnaði ætluðum til tónlistariðkunar.

Í bæklingi um Sköpunarmiðstöð segir:

Tilgangur félagsins er að stuðla að jákvæðri byggðapróun á Stöðvarfirði og fjórðungnum í heild sinni. Lögð er áhersla á að starfsemi félagsins auki lífsgæði íbúanna og hækki þjónustustig svæðisins með því að efla aðgengi íbúanna að menningu, listmenntun og vettvangi til atvinnu- og nýsköpunar.¹²

Boðið er upp á vinnustofudvöl listamanna, úr öllum skapandi greinum og á staðnum eru hönnunarrými, keramikverkstæði, járnsmíðaverkstæði og trésmíðaverkstæði, sem standa einstaklingum til boða sem vilja framleiða vörur eða til vöruþróunar.

Einnig hefur Sköpunarmiðstöðin tekið á móti skólahópum, haldið tónleika og ýmsa viðburði, auk þess sem þar er aðstaða til námskeiðahalds.

Í húsinu er jafnframt aðstaða til fiskvinnslu, grunnurinn er til staðar en fram kom á íbúáþinginu að aðstaðan þarfnist lagfæringa til að standast brunavarnir og heilbrigðiskröfur.

Áform eru um fleira og/eða þegar unnið að:

- Matarþróunareldhús – vottað eldhús, sem verði opið öllum áhugasömum.
- Vinnurými fyrir störf án staðsetningar, fjarnámsnema, handverksfólk, hönnuði og fleira.
- Kaffibrennslan Kvörn og ýmis starfsemi í tengslum við hana.
- Sýning um fornleifauppgröftinn í Stöð.



¹¹ <https://inhere.is/>

¹² Upplýsingar í tölvupósti frá verkefnisstjóra Sköpunarmiðstöðvar.

12.4. Upplýsingar og kynning

Upplýsingamiðlun, kynningar- og markaðsmál komu til umræðu í nokkrum hópum.

Meðal hugmynda sem fram komu, var að setja upp upplýsinga- og auglýsingaskilti, sem ætti að vera staðsett á miðbæjarsvæðinu. Þar bar hæst umræðu um skilti (loftmynd) með upplýsingum um:

- Áfangastaði.
- Náttúruperlur.
- Nöfn fjalla í fjallahringnum.
- Göngukort / gönguleiðir.
- Það sem í boði er fyrir gesti og gangandi á Stöðvarfirði.

Einnig var talað um auglýsingaskilti fyrir viðburði.

Þá fannst fólki spennandi að sett yrðu upp lítil skilti hér og þar um bæinn til að merkja helstu staði.

Stungið var upp á því að búa til opna Stöðvarfjarðarsíðu á samfélagsmiðlum, fyrir alla sem vilja pósta hvað er um að vera á Stöðvarfirði og hvað er í boði hverju sinni. Síðan þurfi að vera bæði á ensku og íslensku. Tilgangur síðunnar væri, sögðu þátttakendur, að kynna bæinn og hvað hann hefur uppá að bjóða, styðja við verslun og þjónustu og styrkja ímynd staðarins.

Þá kom fram tillaga um að gert verði göngukort í tengslum við stikun gönguleiða, sbr. kafla 3.2. um göngustíga og gönguleiðir.

12.5. Auka aðdráttarafi til búsetu

Í einum hópnum á þinginu var spurt: „Hvaða úrræðum gæti samfélagið og sveitarfélagið beitt til að auka aðdráttarafi staðarins til búsetu?“.

Aðdráttarafi myndi, sögðu þátttakendur, aukast með því að bæta ákveðna þjónustu og þar nefndu þau sundlaugina, almenningsamgöngur, flugrútu og rútu á skíðasvæðið í Oddsskarði. Talið var brýnt að bæta þjónustu heilsugæslu, sem að mati hópsins, má ekki vera minni.

Húsnæðismál voru í næst efsta sæti við forgangsroðun málefna og hér voru nefndar leiðir til úrbóta:

- Tóm hús – hvetja eigendur til að leigja eða selja, taka á sumarhúsabyggð.
- Lóðir og nýbyggingar – skapa hvata með niðurfellingu og/eða afslætti gjalda.

Þá var spurt hvort sveitarfélagið gæti boðið upp á „...ívilnanir til fyrirtækja og fjölskyldufólks“. Eitt dæmi var nefnt, að bjóða pláss í leikskóla án endurgjalds. Vísað var til fordæma og sagt að í Reykhólahreppi séu leikskólapláss ókeypis.

Loks var horft til umhverfis og útivistarmöguleika og sagt: „Bætt ásýnd, betri göngustígar og fleira“.

13. Framtíðarsýn – Stöðvarfjörður árið 2042

Á sunnudegi, síðari degi íbúabingsins var þinggestum boðið í ferðalag inn í framtíðina, til ársins 2042.

Þátttakendur létu sig dreyma um stærri bæ, iðandi af lífi og með vel skilgreindan og fallegan miðbæ. Balinn væri vinsælt útivistarsvæði og íbúar þyrftu ekki að leita annað eftir atvinnu. Þannig væri Stöðvarfjörður orðinn „sjálfum sér nægur“.

Hér á eftir er dregin upp mynd af því sem fólk skráði niður að ferðalaginu loknu. Gerður skal sá fyrirvari að eitthvað kann að stangast á og ekki er hægt að halda því fram að allir á íbúabinginu hafi verið sammála öllu sem hér fer á eftir. Enda er þessi framtíðarsýn um „Sterkan Stöðvarfjörð“, sett saman úr stökum myndum allra þátttakenda.

*Stöðvarfjörður hefur byggst upp sem **ferðamannastaður og menningar- og nýsköpunarbær**.*

*Hér er **iðandi mannlíf, enda hefur íbúum fjölgað**, eru kannski orðnir 350. Bærinn er fullur af lífi, fólk á leið úr vinnu, sólin skín og það ríkir bjartsýni og gleði.*

***Balinn orðinn að skjólgóðu og notalegu útivistarsvæði fyrir fjölskyldur**. Svæðið er gróið og fallegt og þar er nýr leikvöllur með flottum leiktækjum og afþreyingu fyrir allan aldur. Þarna eru börn og fullorðnir að leik og mikið líf og fjör.*

*Börnin leika sér líka í sundlauginni – kannski er þetta ný sundlaug. **Skólinn og leikskólinn hafa stækkað** til að koma til móts við aukna fólksfjölgun og fleiri börn. Ef til vill er skólinn orðinn „sér“ aftur.*

***Miðbærinn hefur byggst upp og er kominn með fína ásýnd**. Hann er stolt íbúanna og þar er m.a. safnahúsið í gamla hraðfrystihúsinu (Sköpunarmiðstöð), sem hýsir alls kyns fyrirtæki og þjónustu.*

***Hafnarsvæðið er hluti af miðpunkti bæjarins**, með söfnum og mannlífi. Svæðið er fallegt og snyrtilegt og höfnin hefur stækkað eilítið. Þar er mikið líf og margir smábátar við bryggju. Úti á firðinum er logn og þar má sjá seglskip og aðrar fleytur í þeim dúr.*

***Sjá má útilistaverk; skúlptúra, víðsvegar um bæinn**. Götur og gangstéttar eru hreinar, finar og sumar hverjar hellulagðar.*



Á þessum 20 árum hafa risið þó nokkur hús í þorpinu, bæði iðnaðarhús og íbúðir. Atvinnulóðum hefur fjölgað. Húsin í þorpinu eru falleg og þeim er vel við haldið. Sjá má bæði ný hús og endurgerð hús og kannski hafa risið nokkrar nýbyggingar utan við skólann. Nú búa barnafjölskyldur í stóru einbýlishúsunum. Eldra fólkið býr í raðhúsunum sem byggð voru og gerðu fjölskyldufólki kleift að flytja í stóru húsin.

Ferðamenn laðast að Stöðvarfirði og hafa ýmsa afþreyingu á svæðinu og það er næg gisting og þjónusta. Tjaldsvæðið, sem e.t.v. er komið á fótboltavöllinn, er fullt af fólki.

Það liggur góður og breiður vegur inn í fjörðinn og út í þorp. Eða ef til vill eru komin göng inn í dal, yfir í Fáskrúðsfjörð. Og kannski enn fleiri göng, á milli allra staða.

Á Öldunni eru mannvirki, lágreist og litrík. Þar er komin sána og fólk er í sjósundi. Þaðan liggur göngustígur út í þorp. Kominn er göngustígur í kringum bæinn og frá skóla í Nýgræðing niður að sjó og upp að Svartafossi.

Fólk er á ferli, gangandi, hjólandi og sumir með barnavagna.

Það er næg atvinna og glatt fólk, í bænum er verslun og banki og ef til vill blasa laxeldskvíarnar við úti í firði. Sköpunarmiðstöðin er fullbúin og starfar af fullum krafti. Yfirleitt sækir fólk atvinnu innanbæjar.

Hér ríkir einstök fegurð, fallegu fjöllin og umhverfið. Landið og þorpið eru skógi vaxin, fallegur gróður og þorpið litríkt.

Og að lokum: „Ég sé betri Stöðvarfjörð, fullt af lífi, iðandi mannlíf. Við þurfum ekki að sækja hluti annað enda sjálfum okkur nóg. Þá sé ég að þetta íbúáþing hefur skilað sínu.“

„Ég sá fjörðinn, Kambanesið, fjöllin, ströndina. Veifaði göngugörpum á Mosfelli. Í Stöðvará var maður að veiða í ánni. Nokkur í sjósundi á Öldunni. Flutningabíll á leið suðurúr. Rútur á steinasafnsplaninu. Fólk að drekka kaffi fyrir utan Kaffi Söxu. Krakkar á sparkvelli. Bátar í höfn. Einn að taka „selfie“ með Þórhaddi gamla.“



14. Að lokum

Þátttaka íbúa er einn af hornsteinum verkefnisins „Brothættar byggðir“ og mun verkefnisáætlun til allt að fjögurra ára, byggja á skilaboðum þingsins, ásamt stöðugreiningu. Þannig hafa Stöðfirðingar nú fjallað um þau málefni sem skipta byggðarlagið mestu fyrir framtíðina og forgangsraðað þeim, eftir mikilvægi.

Þegar litið er yfir skilaboð þingsins í heild, má segja að tveir þættir fléttist saman. Annars vegar áhersla á að íbúum fjölgi og til þess þarf fleiri atvinnutækifæri og aukið framboð á húsnæði, sögðu þátttakendur. Hins vegar er áhersla á ýmis þau lífsgæði sem myndu fást með bættri aðstöðu til útivistar og með því að skilgreina og fegra miðju, eða hjarta þorpsins.

Stöðvarfjörður er hluti af Fjarðabyggð og er þannig í sveit settur að íbúar sækja mikið til nágrennabyggðarlaga. Þar má t.d. nefna atvinnu, íþróttir og hjúkrunarheimili og skólarnir á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík eru ein stofnun, Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli. Kennt er á Breiðdalsvík á mánudögum og miðvikudögum, á Stöðvarfirði á þriðjudögum og fimmtudögum og á föstudögum eru nemendur í sínum heimaskóla.¹³

Í framtíðarsýn þátttakenda á þinginu kom fram draumur um að staðurinn yrði „sjálfum sér nógur“. En e.t.v. hafa Stöðfirðingar vanist því að vera hluti af stærri heild. Leiðin væri þá sú að skapa Stöðvarfirði sérstöðu með því að byggja á þeim tækifærum sem eru einstök fyrir Stöðvarfjörð, sögðu þátttakendur. Þegar byggt er á því sem þegar er til staðar og það eflt og nýjum hugmyndum komið í framkvæmd, getur það aukið aðdráttarafl til búsetu og styrkt sjálfsmynd og ímynd Stöðvarfjarðar og fólksins sem þar býr.

Þegar almenningi er boðið að taka þátt í verkefnum sem þessu, fylgir því skuldbinding. Hún hljóðar svo í verkefnum í „Brothættum byggðum“:

„Þetta er loforð um að vinna með íbúum og hagsmunaaðilum til að tryggja að áhyggjuefni þeirra og metnaðarmál hafi bein áhrif á þá valkosti sem teknir verða til skoðunar í verkefninu. Verkefnisstjórnin mun leggja niðurstöður stefnumótunar og verkefnisáætlun fram til umfjöllunar hjá aðilum verkefnisins og stýrihópi Stjórnarráðsins, til að tryggja samstöðu um verkefnið. Enn fremur að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags til að stuðla að því að ákvarðanir þessara aðila taki mið af áherslum íbúanna.“

Loforðið gildir meðan unnið er að verkefninu í byggðarlaginu.

Umræður á íbúáþinginu einkenndust af krafti og hugmyndaauðgi og sögðu þátttakendur „Stöðvarfjörður hefur alla möguleika til að eflast sem ferðamannastaður og menningar- og nýsköpunarbær.“. Lögð var áhersla á að hægt sé að styrkja byggðina með því að nýta tækifæri á sem flestum sviðum og byggja á því sem þegar er til staðar.

Á þinginu kom glögg í ljós að Stöðfirðingar eru tilbúnir að leggjast á árarnar og vinna að byggðapróunarverkefninu, sem þau gáfu heitið „Sterkur Stöðvarfjörður“.

¹³ <https://www.bsskoli.is/>